

Ed.

198. Tillaga

til þingsályktunar um bátaferðir á Faxaflóa.

Frá samgöngumálanefnd.

Alþingi skorar á landsstjórnina að stuðla að því, að Eimskipafjelag Íslands taki að sjer rekstur á bátaferðum um Faxaflóa, eða hlutist til um, að ferðir þessar komist á annan hátt sem fyrst í hentugt og trygt horf. Heimilast stjórninni jafnframt að hækka að nokkru styrk til Faxaflóaferða, ef brýn nauðsyn krefur.

Fjárveitinganefnd Ed. hefir athugað fjárhagshlið tillögu þessarar, og getur meiri hluti hennar, eftir atvikum, fallist á hana, í því trausti, að stjórnin verji ekki meiru fje til útgerðar þessarar en svarar samgöngubótum þeim, sem fást fyrir það, miðað við brýnustu þarfir, og með tilliti til þess fjár, sem veitt er til strandferðabáta annarsstaðar.

Alþingi, 23. maí 1918.

Jóh. Jóhannesson,
formaður.

Eggert Pálsson,
fundaskrifari.